

Stofnanasamningur milli Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands um forsendur röðunar starfa við stofnunina

**Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dags 9. mars 2020.**

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna á Heilbrigðisstofnun Norðurlands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dags. 9. mars 2020.

2. Forsendur röðunar og framkvæmd

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. gr. 3 og 4.
- Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Meta skal persónubundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati.

Tímabundnir þættir og umbun geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns, sbr. grein 1.3 annars vegar og greinar 1.1.1, 1.2.1 og 1.2.2 hins vegar í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 9. mars 2020.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er raðað.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum.

3. Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraliða í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraliða og til að starfa sem sjúkraliði samkv. lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og reglugerð nr. 511/2013 um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

Verði til ný störf sjúkraliða við Heilbrigðisstofnun Norðurlands þarf að raða þeim sérstaklega sbr. 2. gr.

Röðun starfa frá 1. apríl 2021 og gildir út árið 2021:	Lfl. Þr.
Sjúkraliðanemi;	05 - 0
Sjúkraliði A;	08 - 1
Sjúkraliði B;	09 - 0
Sjúkraliði C;	09 - 1
Sjúkraliði D;	10 - 0
Sjúkraliði E;	10 - 1
Sjúkraliði F;	12 - 0
Sjúkraliði S; (samkvæmt sérstakri starfslýsingu);	13 - 0/14 - 0

Röðun starfa frá 1. janúar 2022 – sjá fylgiskjal 1

Sjúkraliði sem sinnir heimahjúkrun fær tvo launaflokka til viðbótar grunnröðun og skal grunnraðast sem byrjandi í starfslýsingu C og fylgja síðan launapróun samningsins.

Gildir frá 1. janúar 2022, vegna breytinga á launatöflu:

Sjúkraliði sem sinnir heimahjúkrun fær fjóra launaflokka til viðbótar grunnröðun og skal grunnraðast sem byrjandi í starfslýsingu C og fylgja síðan launapróun samningsins.

Starfsþróun sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Norðurlands

- Sjúkraliði A; Sjúkraliði á fyrsta starfsári.
- Sjúkraliði B; Sjúkraliði á öðru starfsári.
- Sjúkraliði C; eftir tveggja ára starf.
- Sjúkraliði D; eftir fimm ára starf hafi hann að örðu leyti uppfyllt skilyrði viðkomandi starfslýsingar þess starfs.
- Sjúkraliði E; eftir sjö ára starf hafi hann að örðu leyti uppfyllt skilyrði viðkomandi starfslýsingar þess starfs.
- Sjúkraliði F; samkvæmt starfslýsingu.

Gildandi starflýsingar fyrir framangreind störf eru meðfylgjandi í samningi þessum. Skilyrði fyrir því að komast upp í starfslýsingum, er ekki eingöngu starfsaldur. Þær geta verið hraðari hafi starfsmanni verið falin þau verkefni sem um ræðir.

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokka

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi.

- A. Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi hækkar um 1 álagsþrep. Hafi sjúkraliði eina önn á fleiri en einu sérsviði hækkar hann aftur um 1 álagsþrep.
- B. Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar af samstarfsnefnd SLFÍ og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um;
 - 1 álagsþrep fyrir 60 námskeiðsstundir
 - 1 álagsþrep fyrir 120 námskeiðsstundir
 - 1 álagsþrep fyrir 180 námskeiðsstundir
 - 1 álagsþrep fyrir 240 námskeiðsstundir
 - 1 álagsþrep fyrir 300 námskeiðsstundir
- C. Almennum sjúkraliða með sérstök verkefni, sem er einn á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur sé á vakt, gefur lyf sem tekin hafa verið til og sinnir þessum störfum í þeim mæli að stofnunin reiði sig á þetta sérstaka framlag hans, skal raðað í starfslýsingu F, sé um viðvarandi ástand að ræða. Vinni sjúkraliði skv. ofangreindu einstakar vaktir vegna forfalla hjúkrunarfræðings skal það bætt með einni klst. í yfirvinnu fyrir hverja slíka vakt. Framangreind regla gildir einnig ef sjúkraliði vinnur álíka störf á ábyrgðarsviði annarra fagstétta. C liður á ekki við um sjúkraliða í heimahjúkrun.
- D. Sjúkraliðar sem náð hafa 60 ára aldri hækka um einn launaflokk á því ári sem þeir ná þeim aldri.

Gildir frá 1. janúar 2022, vegna breytinga á launatöflu: Sjúkraliðar sem náð hafa 60 ára aldri hækka um tvo launaflokka á því ári sem þeir ná þeim aldri.

Sjúkraliði sem hefur áunnið sér hækkun vegna persónubundinna þátta ofan á grunnröðun í launaflokk sem er umfram 8. þrep færast í næstu launatölu í næsta launaflokki fyrir ofan.

5. Starfsmannasamtöl

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, símenntun og frammistöðu starfsmanns. Við mat á frammistöðu starfsmanns er

gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.

6. Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamningsins.

7. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2021 og er byggður á kjarasamningi milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, annarsvegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, dagsettur 9. mars 2020. Ásamt fylgiskjöllum 1 og 2 er varða styttingu vinnuvikunnar.

Með gerð stofnanasamnings þessa eru aðilar ásáttir um þær mikilvægu breytingar sem í honum eru.

Samningur verður undirritaður rafrænt

F.h. Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Bókun 1

Vinnuhópur á vegum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og SLFÍ, sem skipaður er einum fulltrúa frá hvorum aðila hefur umsjón með og gerir tillögu um mat á námskeiðum og öðru námi sem nýtist í starfi sbr. gr. 4 í stofnanasamningi.

Bókun 2

Til að vinna gegn mönnunarvanda heilbrigðiskerfisins þarf að nýta getu sjúkraliða og menntun. Stjórnendur innan heilbrigðiskerfisins eru hvattir til að þróa nýjar starfsleiðir, ný tækifæri til starfsframa og fela sjúkraliðum aukna ábyrgð og viðeigandi stjórnunarstörf í samræmi við nýja námsleið á háskólastigi og síhækkandi menntastig sjúkraliða gegnum símenntun og viðbótarmenntun.

Heilbrigðisstofnunin mun vinna að og skoða nýjar starfsleiðir til að nýta hærra menntunar- og færnistig sjúkraliða t.d. með endurskoðun á starfslýsingum. Tryggja þarf að sérhæfðar diplómagráður verði viðurkenndar í launaröðun.

Bókun 3

Vegna verkefnis BVV (Betri vinnutími í vaktavinnu) fellur út 5. gr. eldri stofnanasamnings milli HSN og SLFÍ um sérstök viðbótarþrep vegna mikillar næturvinnu. Þeir sjúkraliðar sem hafa álagsþrep vegna 50% til 60% næturvaktar líkt og kveður á um í fyrri stofnanasamningi halda þeim meðan þeir falla undir kröfur þess ákvæðis.

Bókun 4

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra sjúkraliða á starfsstöðvum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og þeim endurreiðað frá grunni. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar fyrir einstaka starfsmenn. Stefnt skal að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 20. júní 2021 og miðast við launaútborgun 1. júlí 2021.

Bókun 5

Heilbrigðisstofnun Norðurlands mun á næstu þremur árum fjölga sjúkraliðum með starfsheiti F um að lágmarki tólf. Fjölgað verður um sex 2021, þrjá 2022 og þrjá 2023.

Fylgiskjal 1 (breytt launatafla).

1. janúar 2022 tekur við ný launatafla sjúkraliða hjá ríkinu og eru megin breytingarnar þær að á milli launaflokka verða 2,5% í stað 5% áður. Áfram verður sama % á milli þrepa eða 2,5%. Í þessu skjali eru uppfærð þau ákvæði í stofnanasamningi sem varða launaröðun í launaflokka og þeir persónubundnu þættir sem breytt launatafla hefur áhrif á.

Röðun starfa 2022:	Lfl. Þr.
Sjúkraliðanemi	09 - 0
Sjúkraliði A;	15 – 1
Sjúkraliði B;	17 – 0
Sjúkraliði C;	17 – 1
Sjúkraliði D;	19 – 0
Sjúkraliði E;	19 – 1
Sjúkraliði F;	23 - 0
Sjúkraliði S; (samkvæmt sérstakri starflýsingu);	25 – 0 eða 27 – 0

Starfsþróun sjúkraliða á Heilbrigðisstofnun Norðurlands

- Sjúkraliði A; Sjúkraliði á fyrsta starfsári.
- Sjúkraliði B; Sjúkraliði á öðru starfsári.
- Sjúkraliði C; eftir tveggja ára starf.
- Sjúkraliði D; eftir fimm ára starf hafi hann að örðu leyti uppfyllt skilyrði viðkomandi starflýsingar þess starfs.
- Sjúkraliði E; eftir sjö ára starf hafi hann að örðu leyti uppfyllt skilyrði viðkomandi starflýsingar þess starfs.
- Sjúkraliði F; samkvæmt starflýsingu.

- Gildandi starflýsingar fyrir framangreind störf eru meðfylgjandi í samningi þessum. Skilyrði fyrir því að komast upp í starflýsingum, er ekki eingöngu starfsaldur. Þær geta verið hraðari hafi starfsmanni verið falin þau verkefni sem um ræðir.

Launatafla sem gildir frá 1. janúar 2022

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	329.214	337.444	345.675	353.905	362.135	370.366	378.596	386.826	395.057
2	335.194	343.574	351.954	360.334	368.713	377.093	385.473	393.853	402.233
3	341.174	349.703	358.233	366.762	375.291	383.821	392.350	400.879	409.409
4	347.454	356.140	364.827	373.513	382.199	390.886	399.572	408.258	416.945
5	353.734	362.577	371.421	380.264	389.107	397.951	406.794	415.637	424.481
6	360.327	369.335	378.343	387.352	396.360	405.368	414.376	423.384	432.392
7	366.920	376.093	385.266	394.439	403.612	412.785	421.958	431.131	440.304
8	373.843	383.189	392.535	401.881	411.227	420.573	429.919	439.265	448.611
9	380.765	390.284	399.803	409.322	418.842	428.361	437.880	447.399	456.918
10	388.035	397.735	407.436	417.137	426.838	436.539	446.240	455.941	465.641
11	395.304	405.187	415.069	424.952	434.834	444.717	454.600	464.482	474.365
12	402.937	413.010	423.083	433.157	443.230	453.304	463.377	473.450	483.524
13	410.569	420.833	431.097	441.362	451.626	461.890	472.154	482.419	492.683
14	418.584	429.048	439.513	449.977	460.442	470.906	481.371	491.836	502.300
15	426.598	437.263	447.928	458.593	469.258	479.923	490.588	501.253	511.918
16	435.013	445.888	456.764	467.639	478.514	489.390	500.265	511.140	522.016
17	443.428	454.514	465.599	476.685	487.771	498.857	509.942	521.028	532.114
18	452.264	463.570	474.877	486.183	497.490	508.796	520.103	531.410	542.716
19	461.099	472.626	484.154	495.681	507.209	518.736	530.264	541.791	553.319
20	470.376	482.135	493.895	505.654	517.414	529.173	540.932	552.692	564.451
21	479.653	491.644	503.636	515.627	527.618	539.610	551.601	563.592	575.584
22	489.395	501.630	513.865	526.100	538.335	550.569	562.804	575.039	587.274
23	499.137	511.615	524.094	536.572	549.051	561.529	574.008	586.486	598.964
24	509.365	522.099	534.833	547.567	560.302	573.036	585.770	598.504	611.238
25	519.593	532.583	545.573	558.562	571.552	584.542	597.532	610.522	623.512
26	520.708	533.726	546.743	559.761	572.779	585.797	598.814	611.832	624.850
27	521.823	534.869	547.914	560.960	574.005	587.051	600.096	613.142	626.188
28	531.725	545.018	558.311	571.604	584.898	598.191	611.484	624.777	638.070
29	541.627	555.168	568.708	582.249	595.790	609.330	622.871	636.412	649.952
30	553.468	567.304	581.141	594.978	608.814	622.651	636.488	650.324	664.161
31	565.308	579.441	593.573	607.706	621.839	635.972	650.104	664.237	678.370
32	577.741	592.184	606.628	621.071	635.515	649.958	664.402	678.845	693.289
33	590.173	604.927	619.682	634.436	649.190	663.945	678.699	693.453	708.208
34	603.228	618.308	633.389	648.470	663.550	678.631	693.712	708.792	723.873
35	616.282	631.689	647.096	662.503	677.910	693.317	708.724	724.131	739.538
36	629.989	645.739	661.488	677.238	692.988	708.738	724.487	740.237	755.987
37	643.696	659.788	675.881	691.973	708.066	724.158	740.250	756.343	772.435
38	658.089	674.541	690.993	707.445	723.897	740.350	756.802	773.254	789.706
39	672.481	689.293	706.105	722.917	739.729	756.541	773.353	790.165	806.977
40	687.593	704.783	721.973	739.162	756.352	773.542	790.732	807.922	825.112
41	702.705	720.273	737.840	755.408	772.976	790.543	808.111	825.678	843.246

Undirritunarsíða

SLFÍ
Sandra Bryndísardóttir Franks

SLFÍ
Gunnar Örn Gunnarsson

SLFÍ
Guðrún Elín Björnsdóttir

HSN
Kristjana E Guðlaugsdóttir

HSN
Þórhallur Harðarson

HSN
Guðný Friðriksdóttir

HSN
Jóhanna Þorleifsdóttir